

Reglur

14
25. febr.

um flokkun og merking ullar.

I. flokkur: Öll hvít vorull, sem er blæfalleg, vel þvegin og vel þur.

II. flokkur: Öll ull, sem er algul, bæði tog og þel, leirlituð, sendin, blæljót, flókar og ull, sem er illa þvegin og ill þur.

III. flokkur: Öll svört ull, sem er vel þvegin og vel þur.

IV. flokkur: Öll mislit ull, og svört ull, sem ekki getur talist til þriðja flokks.

V. flokkur: Vel þvegin og vel þur haustull.

Merkja skal hvern sekk þannig: Efst á hliðinni sje stimpilmerkið »ISLAND«. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni hverjum flokki ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en 2 bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu, skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Í stjórnarráði Íslands, 25. febrúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson

Reglugjörð

15
26. febr.

um sölu á menguðu og ómenguðu áfengi til iðnþarfa o. s. frv.

1. gr.

Vinandi sá og annað áfengi, er hafa má til iðnþarfa eða visindalegra afnota hjer á landi, er ýmist fullmengað, hálfmengað eða ómengað.

2. gr.

Fullmengaður er sá vinandi sem mengaður er með 0,5% af pyridinbösum

15 eða 5% af óhreinsuðum trjávínanda (methylalkohol), er í sjeu 20% af acetone. 26. febr. Efnafraeðingur landsins skal rannsaka mengunarefnin áður en þau eru notuð. Hann skal og athuga hvort vínandi, sem fluttur er mengaður inn í landið, sje rjettilega mengaður. Fullmengaðan vínanda má selja eins og verið hefir, án þess meiri takmarkanir sjeu settar um sölu hans.

3. gr.

Hálfmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með efnum, sem fremur auðvelt er að ná úr vínandanum aftur, eða þá að mengunin er þess eðlis, að vínandinn verður ekki með öllu talinn óhæfur til drykkjar. Þar til teljast til dæmis að taka vínandi mengaður með 0,5% af terpentínlíu eða 0,5% berga-mottolíu, eða þá með 5,5% af skellakki.

Vínandi mengast þannig með skellakki: Í hverja 100 lítra af vínanda skal blanda 20 litrum af skellakk-upplausn, er búin er til úr 2 hlutum vínanda og 1 hluta skellakks. Til vissra iðnþarfa má, ef þess er óskað, menga vínanda með öðrum efnum en framantöldum, og skal þá jafnan leita álits efnafraeðings landsins um mengunarefnið, hvort það sje nothæft og hve mikið þurfi af því.

Hálfmengaðan og ómengaðan vínanda eða annað áfengi til verklegra eða vísindalegra afnota, geta þeir er þess þurfa við, pantað frá útlöndum hjá umsjónarmanni áfengiskaupa, eða fengið það keypt hjá lyfsölum eða hjeradslækn-um, þar sem engin lyfjabúð er. Hver annar, sem selur öðrum þetta áfengi, má búast við að sæta sektum eftir 15. gr. bannlaga nr. 44, 30. júlí 1909.

Ilmvötn, hármeðul og þesskonar vökva má selja eins og áður hefir verið gert.

4. gr.

Hver sem þarfnast og ætlar að afla sjer þessa áfengis til verklegra nota, til iðnþarfa eða vísindalegra afnota, skal fá sjer áfengisbók, sem stjórnarráðið sjer um að sje til hjá umsjónarmanni áfengiskaupa og hjá lögreglustjórum landsins. Þegar umsjónarmaður eða hlutaðeigandi lögreglustjóri hafa gengið úr skugga um, hve mikið beiðandi þurfi um árið til iðnaðarþarfa eða vísindalegra afnota, og hverskonar áfengi hann þurfi, ritar umsjónarmaður áfengiskaupa eða hlutaðeigandi lögreglustjóri nafn iðnaðarfyrirtækisins, vísindastofnunarinnar eða iðnaðarmannsins framan á bókina, og hve mikið og hverskonar áfengi hlutaðeigandi megi fá á hverju ári. Lítratölu skal skrifa bæði með tölum og bókstöfum, og umsjónarmaður eða hlutaðeigandi lögreglustjóri setja nafn sitt og innsigli undir áritunina. Ávalt skal þess gætt, að beiðandanum sje ekki ætlað meira en hann þarf til iðnar sinnar eða fyrirtækisins, sem hann veitir forstöðu. Jafnframt ritar umsjónarmaður eða lögreglustjóri hjá sjer leyfið, sem ritað var í bókina.

Á fremstu síðu, næst titilblaðinu, undirskrifar handhafi bókarinnar yfirlýsingu um að áfengið, sem afhent verður eftir henni, skuli ekki verða notað til drykkjar.

5. gr.

15

Handhafi áfengisbókar getur pantað og fengið hjá umsjónarmanni áfengis- 26. febr.
kaupa það áfengi, sem heimilað er í bókinni Sömuleiðis geta lyfsalar og hjer-
aðslæknar í hjerudum, þar sem ekki er lyfjabúð, afhent áfengi til verklegra
nota eftir áfengisbókunum. Við afhendinguna verður afhendandinn að athuga:

a) Að afhenda aldrei hálfmengaðan eða ómengaðan vínanda, nema áfeng-
isbók viðtakanda sje við, og aðgæta hvort heimilt sje að láta meira úti eftir henni.

b) Að rita ávalt í bókina afhendingarár og dag, hverskonar áfengi
afhent er og hve mikið í hvert skifti, og nafn þess, sem áfengið selur, eða lætur
það af hendi.

c) Að láta aldrei meira áfengi af hendi frá 1. janúar til 31. desember á
sama almanaksári, en handhafi bókarinnar má fá á einu ári eftir áfengisbókinni.

d) Að færa inn í áfengisbók hjá sjer:

1) Hvern dag áfengið er afhent.

2) Nafn beiðandans.

3) Hverskonar áfengi er beið um, hálfmengaðan eða ómengaðan
vínanda.

4) Hve mikið hafi verið afhent, og

5) Til hvers það sje ætlað.

Áfengisbækur sínar skulu umsjónarmaður áfengiskaupa, lyfsalar og lækn-
ar í þeim hjerudum, þar sem ekki er lyfjabúð, færa með nákvæmni, og gæta
þess að þær ekki glatist fyrir en Stjórnarráðið hefir látið lita í gegnum áfengisbók
umsjónarmanns, áfengiskaupa og lögreglustjóri hefir skoðað áfengisbækur lyfsala
og hjeraðslækna.

6. gr.

Umsjónarmaður áfengiskaupa skal gefa Stjórnarráðinu skýrslu eftir hverja
6 mánuði um þær áfengisbækur, sem hann hefir gefið út, og um alt áfengi, sem
hann hefir afhent 6 síðustu mánuði. Eftir hver árslok lætur Stjórnarráðið bera
afhendingarbækur hans saman við leyfin sem hann hefir veitt. Lögreglustjórar
skulu koma til lyfsala og hjeraðslækna, sem hafa lyfjabúð, eftir hver árslok, og
bera saman áfengi það, sem þeir hafa afhent, við áfengisleyfi þau, er þeir hafa
veitt (sbr. 4. gr.). Þeir geta með auglýsingu, birtri á vanalegan hátt, krafist
þess að áfengisbækur manna og stofnana í umdæminu sjeu við. Komi þá í ljós,
að einhver hafi vanbrúkað heimildina til að afla sjer áfengis, verður hinn seki
látinn sæta ábyrgð fyrir það að lögum.

Þetta er hjer með kunngert fyrir öllum sem hlut eiga að máli, þeim til
leiðbeiningar og eftirbreytni.

Stjórnarráð Íslands, 26. febr. 1916.

Einar Arnórsson.

Indr. Einarsson.